

Æskulýðsnefnd Fáks

haust 2014 - 2015



Ársskýrsla Æskulýðsnefndar Fáks

2015
2014



Veturinn 2014-2015 var ansi skemmtilegur hjá okkur í Fáki og margar góðar hendur sem komu að þessu skemmtilega starfi sem æskulýðsstarfið er. Margar hendur vinna létt verk og augljóst að hjá Fáki er félagið stútfullt af fólki sem er boðið og búið til að léttu undir og vinna saman að framtíðarknöpunum okkar.

Æskulýðsnefndin starfsárið 2014-2015:

Elsa Blöndal Sigfúsdóttir
Þórunn Eggertsdóttir
Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Ásbjörn Arnarson
Unnur Gréta Ásgeirsdóttir
Sigrún Alda Sveinsdóttir
Þuríður Linda Auðunsdóttir

Gistináttapartý og hugarflugsfundur

Það var góður hópur af hestakrökkum sem hittust í Félagsheimilinu á föstudaginn. Mæting var frábær en alls eyddu kvöldinu saman 32 en alla nóttina voru 26 sem gistu. Byrjuðum við á að funda og áttu þau sjálf að færa fram hugmyndir að því sem gera á í vetur sem og hvernig námskeið þau vilja ofl.



Þessar hugmyndir komu á fundinum:

Hestafimleikar

Fleiri keppnir

Kappreiðar

Lazertag á hestbaki

Hesta skreytingarkeppni og námskeið

Hestaferð og tjalda

Baka hestanammi

Hestastuttmyndavika

Hindranastökk keppni

Fimikeppni

Hestaleiksýning

Hestafeluleikur

Klikkþjálfun

Fara berbakt kringum Rauðavatn

Hestafótbolti

Og svona mætti lengi telja frábærar hugmyndir enda frábærir krakkar hér á ferð.

Því næst kom pizza sem rann ljúflega ofan í fjöldann, eftir mat vorum við svo heppin að hún Karen kom og kynnti fyrir krökkunum klúbbinn sem hún og Sif eru með. Síðan var farið út í fótbolta og aðeins að henda snjóboltum. Það var dansað og horft á video, gamlar myndir skoðaðar og fleira.

Nóttin gekk vel en það var misjafnt hvað hver svaf lengi sumir búnir að ákveða að sofa minna og aðrir sem sváfu allt af sér en það fóru allir glaðir heim á laugardagsmorgun en misþreyttir án efa.



Uppskeruhátíðin

Frábær mæting var á þetta flotta kvöld þegar börn og unglingar hittust ásamt foreldrum. Boðið var uppá mexíkóska kjúklingasúpu ásamt því að hlýða á flottan fyrirlestur hjá Örnunni um hvernig hún byrjaði í sinni hestamennsku og hvernig hún hefur þróast alveg fram að þátttökunni á Heimsmeistaramótinu í Berlín 2013.

Síðan voru veitt verðlaun fyrir flottan keppnisárangur sem og góða ástundunun og framfarir á síðasta ári.

Að lokum kom Jónsi í svörtum fötum og skemmti börnunum og ekki síður foreldrum sem voru með stjórnur í augunum yfir idolinu sínu.

Við þökkum fyrir frábært kvöld í alla staði með flottustu krökkunum

Verðlaunahafar fyrir frábæran keppnisárangur á árinu;

**Barnaflokkur:**

Arnar Máni Sigurjónsson
Hákon Dan Ólafsson
Selma María Jónsdóttir

Unglingaflokkur:

Arnór Dan Kristinsson
Ásta Margrét Jónsdóttir
Heiða Rún Sigurjónsdóttir
Ylfa Guðrún Svafarsdóttir

Verðlaunahafar fyrir góða ástundun og framfarir á árinu:**Barnaflokkur:**

Heba Guðrún Guðmundsdóttir
Jóhanna Guðmundsdóttir
Sveinn Sölvi Petersen

Unglingaflokkur:

Birta Ingadóttir
Sigurjón Axel Jónsson
Margrét Löv Hansdóttir

Fyrir **yngsta hópinn** hittumst við meðal annars og bjuggum til hestanammi og það gekk vonum framar og allir alsælir með að fara síðan beint upp í hesthús með volgt nammi handa sínum hestum.

Pollanámskeiðin voru á sínum stað og mjög vel sótt eins og áður.

Metþátttaka var þetta árið í **Páksabingóinu** en gekk allt mjög vel fyrir sig. Þurftum að prenta út fleiri bingospjöld á staðnum þar sem í það heila voru rúmlega 100 manns sem komu og spiluðu saman bingó. Vinningarnir voru heldur betur glæsilegir

Líflandsmótið var á sínum stað og gekk frábærlega.

Æskan og hesturinn var einnig glæsileg og vel sótt sýning og mörg frábær atriði sem komu fram þar sem hestamannafélögin komu saman og sýndu vinnu sína.

Hestaíþróttaklúbburinn Fákar og Fjör hóf göngu sína haustið 2014 fyrir börn og unglinga sem stunda hestamennsku á félagssvæði Fáks. Stofnendur og umsjónarmenn klúbbsins eru Sif Jónsdóttir og Karen Woodrow, en þær eru báðar menntaðir reiðkennarar frá Háskólanum á Hólum. Markmið hestaíþróttaklúbbsins er gera börnum og unglingum í Faki kleift að stunda hestamennsku á ársgrundvelli undir handleiðslu þjálfara líkt og aðrar íþróttir bjóða uppá. Þannig má auka færni, þekkingu og félagsleg tengsl barna og unglinga innan hestamannafélagsins Fáks. Hestamennskan sem íþróttagrein er frekar einstaklingsmiðuð en með því að auka samhug og samvinnu getur hestaíþróttin sem hópgrein verið mikilvægur þáttur í forvörnum og uppeldisþætti barna og unglinga.

Sif og Karen hugnast áhugahvetjandi og uppbyggjandi aðferðir í reiðkennslu barna og unglinga og leggja metnað í bjóða uppá eins fjölbreytta kennslu og mögulegt er. Væntingar fóru fram úr björtustu vonum síðastliðinn vetur og mynduðust sterk vinatengsl innan hópsins. Dagskráin var þéttskipuð en meðal viðburða var t.d heimsókn til Sigurðar Matthíassonar atvinnuknapa, Helgi Sigurðsson dýralæknir kom í heimsókn, fyrirlestur frá Örnunni Guðnadóttur hestakonu, heimsókn til hestamannafélagsins Harðar þar sem Súsanna Sand flutti fræðsluerindi, keppni innan klúbbsins í þrautabraut með tímatöku og farið í keilu og pizzapartý. Annar stór viðburður vetrarins var stórsýningin Æskan og Hesturinn þar sem 23 knapar úr okkar flokki sýndu vel heppnað atriði sem þau mótuðu sjálf með aðstoð reiðkennaranna. Ekki má gleyma almenntri reiðkennslu og útreiðatúrum þar sem lögð var áhersla á uppbyggilega þjálfun

hestsins og reiðmennsku knapans.

Á haustönn höfum við verið með hesta í félagshesthúsi Fáks í 6 vikur og hafa krakkarnir mætt samviskusamlega upp í hesthús á hverjum degi og borið ábyrgð á því að sinna grunnþörfum hesta sinna sem fylgir því að eiga/sjá um hesta. Þau sjá því sjálf um að segja út, vigta hey, raka til í stíum, bera undir, beita hestunum og ekki síst að rækta venskap við hestinn sinn. Á þann hátt öðlast krakkarnir sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðarkennd og ekki síst skemmtilega upplifun þar sem þau fá tækifæri til að njóta hestamennskunnar með vinum sínum í sama hesthúsi. Það sem við höfum uppskorið í kjölfar þessa skemmtilega starfs með Fákskrökkunum er reglubundin ástundun sem skilar sér í auknum áhuga á hestamennsku, aukinni þekkingu og ekki síst framförum í reiðmennsku. Framtíðin er björt í Fáki og hlakkar okkur til áframhaldandi samstarfs og að fylgja eftir þeim fjölmörgu hugmyndum sem við höfum um æskulýðsstarf barna og unglinga.

Hestatengt val í Foldaskóla

Í haust stunda 16 nemendur af unglingastigi Foldaskóla hestatengt val. Í upphafi annar sóttu nemendur verklega kennslu í Víðidalinn þar sem nemendur fengu að spreyta sig á hestbaki, læra að umgangast hestinn og hirðingu. Nú er tekinn við bóklegur hluti valsins þar sem stuðst er við námsefni úr Knapamerki 1 og 2. Nemendur ljúka bóklegu prófi í knapamerkjum í lok annar.

Samstarfið hófs haustið 2014 og er mikill áhugi fyrir því að halda valinu áfram. Starfið hefur greinilega áhrif á nýliðun því stór hluti fyrsta hópsins stundar nú hestamennsku af kappi í Fáki!

Karen Woodrow reiðkennari sér um kennslu og heldur utan um verkefnið.